

Kirkjuþing 2021-2022

8. mál – þskj. 67

## **Nefndarálit og breytingartillaga við tillögu að starfsreglum um kjör til kirkjuþings.**

Frá minni hluta löggjafarnefndar.

Frsm. Arna Grétarsdóttir.

Minni hluti löggjafarnefndar hefur fjallað um málið og leggur áherslu á að nú sé rétti tíminn í ljósi aukins hlutverks kirkjuþings að þjóðkirkjufolk fái að kjósa milliliðalaust til kirkjuþings. Með því er lýðræðislegum sjónarmiðum fylgt eftir sem stefnt hefur verið að um langa hríð og er í anda lúthersk kirkjuskilnings.

Minni hluti löggjafarnefnd leggur til að málið á þingaskjali 8 verði samþykkt með eftirfarandi

*breytingartillögu:*

4. gr. tillögunnar orðist svo:

Kosningarrétt til kirkjuþings á hver leikmaður sem er skráður í íslensku þjóðkirkjuna og hefur náð 18 ára aldri.

Kosningarréttur fylgir kjördæmaskipan, sbr. 2. gr., og miðast við lögheimili eins og það er skráð 1. apríl það ár er kosning fer fram.

Reykjavík, 19. nóvember 2021.

*Minni hluti löggjafarnefndar.*

Arna Grétarsdóttir.

Axel Árnason Njarðvík.